

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna vegna iðnaðar- og hafnarsvæðis í Helguvík.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. desember 2025 breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. ágúst 2025.

Í breytingunni felst stækkun á iðnaðarsvæði I1 í Helguvík um 9,7 ha vegna áforma um vinnslu jarðefna. Skilgreint er nýtt 1,4 ha iðnaðarsvæði I10 fyrir geymslu á skipaeldsneyti og iðnaðarsvæði I8 fyrir hreinsivirki er fært til. Hafnarsvæði H1 minnkar sem þessu nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. desember 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 12. janúar 2026